

Umboð Barnaverndarnefndar á norðanverðum Vestfjörðum til starfsmanna

1. Umboð barnaverndarnefndar til starfsmanna

Reglur þessar eru settar í samræmi við ákvæði 3.mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Starfsmenn barnaverndarnefndar kanna og fara með einstök barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar skv. reglum þessum og frekari ákvörðunum hennar hverju sinni.

Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum þess.

2. Starfsmenn barnaverndar

Starfsmenn barnaverndarnefndar sem fara með vinnslu mála skv. reglum þessum skulu vera sérhæfðir, og helst hafa lokið námi í félagsráðgjöf eða sambærilegu námi, sálfræði og/eða lögfræði.

Við ráðningu skal fara að reglum barnaverndarnefndar um könnun á sakaskrá umsækjanda.

3. Vanhæfi

Almennar reglur

Starfsmaður nefndarinnar er vanhæfur að fara með barnaverndarmál :

- a. Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmaður eða umboðsmaður aðila.
- b. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
- c. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í b-lið.
- d. Ef málið varðar hann sjálfan verulega, venslamenn hans skv. b-lið næstu yfirmenn persónulega eða stofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir.
- e. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Málsmeðferð vegna vanhæfis

Starfsmaður sem veit um aðstæður er kunna að valda vanhæfni hans skal án tafar vekja athygli næsta yfirmanns á því. Yfirmaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður víki sæti.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar.

Teymisfundir

Eru sameiginlegir fundir starfmannanna í barnavernd með yfirmanni Skóla- og fjölskylduskrifstofu, þar sem fjallað er um einstök barnaverndarmál. Á teymisfundum eru teknar ákvarðanir varðandi vinnslu mála, svo sem niðurstöður kannanna, meðferðaráætlanir og það hvort kynna eigi mál formanni barnaverndarnefndar. Formaður og deildarstjóri barnaverndar taka ákvörðun um hvort kynna eigi mál formlega fyrir barnaverndarnefnd.

4. Trúnaður

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu. Trúnaðarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

5. Málsmeðferð hjá starfsmönnum barnaverndar

Starfsmenn skulu taka við tilkynningum er varða meintar misfellur á aðbúnaði og uppeldi barna. Skulu þeir skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað sem máli skiptir á þar til gerð eyðublöð. Barnaverndarnefnd skal kynnt mánaðarlega skýrslur um tilkynningar sem sendar eru Barnaverndarstofu.

Neyðarráðstöfun

Við móttöku tilkynningar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns. Ef þörf þykir á beitingu neyðarráðstöfunar skal starfsmaður framkvæma hana í umboði formanns sbr. 31. gr barnaverndarlaga. Leggja skal málið fyrir barnaverndarnefnd til úrskurðar án tafar og eigi síðar en innan 14 daga.

Ákvarðanataka

Þegar tilkynning berst skulu starfsmenn taka afstöðu til þess án tafar og eigi síðar en innan sjö daga frá því tilkynning eða upplýsingar bárust hvort ástæða sé til að hefja könnun í málinu. Meginreglan er að tekin sé ákvörðun á vikulegum teymisfundum starfsmanna um hvort hefja skuli könnun í máli. Á þeim fundum er starfsmönnum að jafnaði úthlutað málum til vinnslu.

Ef upplýsingar eða tilkynning berst um að þunguð kona stofni heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með óviðunandi eða háskalegu lífverni sínu geta starfsmenn ákveðið að hefja könnun í málinu.

Bakvakt/móttaka tilkynninga

Alla jafna skal einhver starfsmaður barnaverndarnefndar vera til taks að sinna móttöku tilkynninga og öðrum brýnum verkefnum sem lúta að barnavernd.

Samantekt á útköllum og aðgerðum þar að lútandi skal lögð fyrir barnaverndarnefnd á 6 mánaða fresti.

Könnun

Starfsmaður sem fengið hefur máli úthlutað skal afla upplýsinga frá þeim sem um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Starfsmaður sinnir störfum skv. 22. gr. bvl. og V. kafla reglugerðar um málsmeðferð hjá barnaverndarnefndum.

Ef grunur er um að brotið hafi verið alvarlega gegn barni á grundvelli alm. hegningalaga nr. 19/1940, hefur yfirmaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu umboð til að óska eftir lögreglurannsókn.

Samantekt á fjölda kannana sem í gangi eru, tilkynningum og mat á tilkynningum skal lögð fyrir barnaverndarnefnd til kynningar á þriggja mánaða fresti.

Áætlun um meðferð

Skal greinargerð starfsmanns um niðurstöður könnunar leggjast fyrir teymisfund til samþykktar.

Áætlun um meðferð máls eftir könnun sbr. 23. gr. bvl. skal að jafnaði leggjast fyrir teymisfund til umfjöllunar og samþykktar ef áætlunin er byggð á 24. gr og 30. gr.

1.mgr. barnaverndarlaga.

Í undantekningsrtilvikum gerir starfsmaður áætlun til skamms tíma til að skapa svigrúm fyrir frekari vinnslu máls og skal slíkt lagt fyrir næsta teymisfund.

Á þriggja mánaða fresti skal taka saman stöðu barnaverndarmála sem ekki hafa verið lögð fyrir barnaverndarnefnd. Þar skal koma fram fjöldi tilkynninga og mat á þeim, hvernig staðið er að könnunum og niðurstöðum hennar. Einnig skal koma fram hvaða stuðningsúrræðum hefur verið beitt og hversu margar áætlanir eru í gangi. Að lokum skal koma fram hversu mörgum málum hefur verið lokað á tímabilinu.

Lokun mála

Starfsmaður skal ekki halda máli opnu lengur en nauðsynlegt er og skal ákvörðun um lokun mála tekin á teymisfundum ef málsmeðferð hefur byggt á 23.,24 og 30.gr 1.mgr. Að öðrum kosti fer tillaga um lokun máls fyrir barnaverndarnefnd.

Barnaverndarnefnd

Starfsmönnum ber alla jafna að leggja mál fyrir nefndina þegar um er að ræða ráðstafanir barnaverndarnefndar skv. eftirfarandi greinum:

- 25. gr um úrræði utan heimils með samþykki foreldra og barns
- 26. gr. um úrræði án samþykkis foreldra
- 27. gr. um úrskurð barnaverndarnefndar um vistun barn utan heimilis
- 28. gr. um úrskurð dómstóls um vistun barns utan heimilis
- 29. gr. um forsjárviptingu
- 30. gr. 2.mgr. um úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna
- 34. gr um endurskoðun ráðstafana
- 37. gr. um brottvikningu heimlismanns og nálgunarþann
- XII. kafli um ráðstöfun barna í fóstur
- leyfisveitingar skv. 84., 86. og 91. gr. bvl. og reglugerðar 366/2005.

Náist ekki samvinna um áætlun skv. 23.gr. bvl. 80/2002, gangi áætlun ekki eftir eða mál metið það alvarlegt skal það lagt fyrir barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.

Meginreglan um fyrirlagningu mála er sú að mál eru lögð fyrir barnaverndarnefnd af starfsmanni á málsnúmerum án þess að nafna sé getið.

Ákvörðun um fyrirlögn máls skal að jafnaði tekin á samráðsfundi formanns og deildarstjóra barnaverndar að undangenginni fyrirlögn á teymisfundum .

Náist ekki samvinna um meðferð máls skal barnaverndarnefnd, að fengnum tillögum starfsmanns, einhliða semja áætlun um framvindu máls og beitingu viðeigandi úrræða skv. ákvæðum laga þessara. Áætlunina skal starfsmaður kynna fyrir foreldrum og barni.

Barnaverndarnefnd tekur ákvörðun um málshöfðun skv. 28. gr. og 29. gr. bvl. og felur starfsmönnum að fylgja máli eftir.

Starfsmaður skal afhenda og kynna aðilum greinargerðir, áætlanir og önnur gögn málsins. Starfsmaður getur ákveðið telji hann það andstætt hagsmunum barns að aðilar fái ekki að svo stöddu að kynna sér innihald tiltekinna gagna þar til barnaverndarnefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar lútandi. Skal slík ákvörðun vera tekin á teymisfundi.

6. Ráðstöfun barns utan heimilis

Starfsmenn skulu aðstoða og undirbúa foreldra og barn undir væntanlegt fóstur/vistun.

Fóstur

Vistun barna í fóstri skal lögð fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð. Þegar barnaverndarnefnd hefur samþykkt fóstur barns og drög að fóstursamningi skulu starfsmenn gera skriflegan fóstursamning á þar til gerð eyðublöð. Starfsmenn, í umboði nefndar, fylgjast með högum fósturbarns og fósturforeldra og láta vita ef breytingar verða.

Meðferðarheimili

Barnaverndarnefnd vistar börn á meðferðarheimilum þeim sem eru á vegum Barnaverndarstofu.

Yfirlit yfir börn í fóstri og eftirlit með þeim og börn sem vistuð eru á meðferðarheimilium skal berast barnaverndarnefnd á a.m.k. 6 mánaða fresti

7. Umsagnir vegna ágreinings um forsjá og umgengnisrétt skv. barnalögum

Óski dómsmálaráðuneyti eða dómari eftir umsögn barnaverndarnefndar áður en forsjármáli er ráðið til lykta skulu starfsmenn annast könnun málsins. Það sama gildir ef sýslumaður óskar umsagnar vegna deilu um umgengnisrétt barns og foreldris sem ekki fer með forsjá þess og ef foreldrar óska eftir að fela þriðja manni forsjá barns með samningi.

Leiði að því sérstök rök má afla álits aðkeypra sérfræðinga á einhverju því sem um getur í 1. mgr. Skal ákvörðun um slíkt tekin á teymisfundi og taka mið af fjárhagsáætlun hverju sinni.

Niðurstöður könnunar og tillögur skal leggja fyrir meðferðarfund.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir barnaverndarnefnd.

8. Meðferð og umsagnir vegna ættleiðingarmála

Starfsmenn annast könnun mála vegna umsagna barnaverndarnefndar um ættleiðingar sk. 16. gr. og 31. gr. ættleiðingarlaga nr. 130/1999

Umsagnir vegna ættleiðingamála skulu lagðar fyrir barnaverndarnefnd með skriflegri greinargerð, þar sem fram koma m.a. upplýsingar um hagi og aðstæður væntanlegra kjörforeldra í samræmi við ættleiðingarlög nr. 130/1999

9. Varsla trúnaðargagna

Starfsmaður sem hefur fengið úthlutað máli skv. reglum þessum ber ábyrgð á því að óviðkomandi eigi ekki aðgang að upplýsingum og gögnum málsins sbr. 35. og 36. gr. reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð barnaverndarmála.

10. Upplýsingaskýrslur til barnaverndarnefndar

Barnaverndarnefnd skal kynnt mánaðarlega skýrslur um tilkynningar sem sendar eru Barnaverndarstofu.

Samantekt á stöðu barnaverndarmála sem ekki hafa verið lögð fyrir barnaverndarnefnd skal lögð fyrir barnaverndarnefnd til kynningar á þriggja mánaða fresti. Í þeirri samantekt skal koma fram fjöldi tilkynninga, mat á tilkynningum, fjöldi kannana sem í gangi eru, hvernig staðið er að könnunum og niðurstaða þeirra. Einnig skal koma fram hvaða stuðningsúrræðum hefur verið beitt og hversu margar áætlanir eru í gangi. Að lokum skal koma fram hversu mörgum málum hefur verið lokað á tímabilinu.

Á 6 mánaða fresti skal barnaverndarnefnd kynnt yfirlit yfir börn í fóstri og eftirlit með þeim og börn sem vistuð eru á meðferðarheimilium.

Samantekt á útköllum og aðgerðum þar að lútandi skal lögð fyrir barnaverndarnefnd á 6 mánaða fresti.

Gildistaka

Reglur þessar staðfesti Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum á fundi sínum þann 2. júní 2005. Reglurnar taka gildi 1. september 2005 og verða endurskoðaðar í febrúar 2006.